

19. janúar 2022.

Blaðsíða | 1

Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

MINNISBLAÐ – covid19 aðgerðaáætlun – staða mála í grunnskólum, mál 2003508

Skólastarf í grunnskólum Hafnarfjarðar fór af stað í byrjun árs 2022 með ákveðnar takmarkanir þótt meginreglan væri að fullt skólastarf skyldi fara í gang í samræmi við sóttvarnareglugerð, þ.e. skólar fylgdu stundaskrárm bekkja og kennarar færast milli hópa eins og við á þótt hámarksfjöldi nemenda í hópi sé 50. Skóla mega samt blanda saman ólíkum nemendum milla hópa eða færa kennara milli hópa, sem í reynd á mest við faggreina-, íþrótta- og list- og verkgreinakennara (hámarksfjöldi gildir samt ekki í skólabílum þótt það eigi sjaldan við að fleiri en 50 nemendur fari saman í sund eða íþróttir og aldrei með nemendur sem fara úr frístundaheimili á íþróttaæfingar síðdegis).

Það var ákvörðun fræðslustjóra á höfuðborgarsvæðinu að loka þyrfti matsölum skóla og Hafnarfjörður lokaði matsölum til að afhenda þar hádegismat og felldi hann niður meðan reglugerð var í gangi frá áramótun til loka hennar þann 12. janúar sl. (Ljóst er þó að sameiginleg framkvæmd var ekki viðhöfð alls staðar á höfuðborgarsvæðinu svo Hafnarfjörður einn lokaði á meðan í öðrum sveitarfélögum var reynt að skipta matsölum í 50 nemenda hólf svo alla vega hluti nemenda fékk hádegismat þótt það væru ekki allir í einhverjum tilvikum.) Hafnarfjörður sótti stíft eftir að fá svör frá yfirvöldum um það hvort það mætti hafa hólf í matsölum miðað við 50 nemendur ef það væri sér matarstöð fyrir viðkomandi hólf. Það gekk illa að fá þau svör. Þegar það kom að því að reglugerð var endurnýjuð með upphaf frá 13. janúar var komin sú útfærsla í henni að 50 nemenda hámark stæði áfram en nú kom viðbótin „í hverju rými“. Það var ekki hægt að skilja öðru vísi en að hólfu mætti upp matsali og því tók skrifstofan þá ákvörðun að opna matsalina á ný frá og með 13. janúar og þau hólf sem á þyrfti að halda í hverjum skóla – sem er mismunandi vegna ólíks nemendafjölda í skólum. Hádegismatur bættist þá við aðra matarþjónustu sem hafði verið óbreytt frá áramótum, þ.e. hafragrautur að morgni, morgunávextir og síðdegishressing gagnvart nemendum.

Nemendur í grunnskólum misstu því af 6-7 hádegismáltíðum (mismunandi milli skóla því jólafrí þeirra lauk á mismunandi tíma) í upphafi árs sem foreldrar voru búnir að fá senda greiðsluseðla fyrir. Skrifstofan óskaði eftir því að Skólamatur afhenti foreldrum matinn síðar og greiðsluuppgjör yrði leiðrétt í febrúar. Það var gert í fyrri bylgju faraldurs og tókst vel að mati undirritaðs. Skrifstofan miðar við að sú framkvæmd gangi eftir aftur. Þá er eftir samræða við Skólamat um uppgjör gagnvart þeim fyrir þessa daga þar sem þeir gátu afhent mat, og áttu að gera samkvæmt samningi sem bærinn getur ekki staðið við (að veita máltíðir miðað við 180 daga skólaár), en fengu ekki. Undirritaður og innkaupastjóri bæjarins eru í þeim viðræðum að meta þarfir fyrir bætur til Skólamatar, þ.e. efnis- og

launakostnaður vegna matarþjónustu sem mátti ekki veita en Skólamatgur gat veitt í samræmi við samning frá 4./5.-12. janúar.

Þá bættist við einn анги á matarþjónustuna vegna þeirra framkvæmdar á bólusetningum barna á aldrinum 6-11 ára á höfuðborgarsvæðinu. Skólafarlag lagðist af kl. 11 viðkomandi dag (10.-14 janúar) í einn í hverjum skóla svo það skerðing á skóladeginum, sem barna- og menntamálaráðherra gaf heimild til sveitarfélaga í bréfi sínu til þeirra þann 11. janúar sl. Þessi bólusetningarframkvæmd á höfuðborgarsvæðinu merkti að börn í 1.-6. bekk úr fjórum skólum misstu af einni hádegismáltíð til viðbótar. Þetta voru börn í Lækjarskóla og Hvaleyrarskóla 13. janúar og Hraunvallaskóla og Skarðshlíðarskóla 14. janúar. Það verður að teljast eðlilegast að þessi hádegisverður verði bættur umræddum foreldrum og verði leiðréttur í uppgjöri febrúarmánaðar.

Þá hefur faraldurinn haft áhrif á einstaka börn þessu til viðbótar, þ.e. börn hafa misst úr skóla vegna covid-19 smita (einangrun), hafa verið send í sóttkví (vegna aðstæðna heima eða í skóla) eða smitgát (vegna aðstæðna heima eða í skóla). Sökum þessa hafa þau misst af matarþjónustu sem þau höfðu keypt. Eins og staðan er núna hefur slíkt verið meðhöndlað líkt og áður sem veikindi og leyfi, þ.e. hefur ekki verið endurgreitt. Bæjaryfirvöld þurfa þá nýja ákvörðun hér ef þau leggja til breytingar á þessu fyrirkomulagi.

Truflanir á daglegu skólafarlag nú í upphafi árs 2022 eru þær mestu síðan í upphafi faraldursins þegar skólafarlag var skert með daglegri viðveru í skóla. Formlega séð er fullt skólafarlag í gangi en full framkvæmd er ýmsum takmörkum háð. Það vantar fjölda barna á degi hverjum degi, mest vegna formlegrar einangrunar, sóttkvíar og smitgátar. Þess utan eru einstaka foreldrar að halda börnum heima, t.d. að koma í veg fyrir mögulegt smit áður en þau væru bólusett eða jafna sig eftir bólusetningar auk almennra annarra veikinda sem alltaf eru í samfélaginu. Þannig hefur vantað talsvert stærrí hóp nemenda í skólana eftir áramótin en fyrir. Að jafnaði eru um 10-20% nemenda fjarverandi á dag eftir áramót og hefur farið mest í rúmlega 40% í einum skóla stakan dag. Eðlilega kemur það rót á skólafarlag auk þess að kennurum og öðrum starfsmönnum skóla er bæði ætlað að passa vel upp á eigin smitvarnir og álag er á bæði börn og starfsmenn skóla að vera í starfsumhverfi sem líklegt er til að vera fjöldasmitstaður sökum fjöldans sem kemur þar daglega til náms og starfa – og fæstir fullbólusettir. Aðrir þættir í skólafarlaginu eru settir í bið til að halda smitum í lágmarki, t.d. utanaðkomandi heimsóknir, stærrí viðburðir og staðbundin fræðsla. Starfsfólk skólafarlagstunnar fer þá eingöngu út í skóla ef það er algjör nauðsyn, t.d. ef þörf er á að hitta börn vegna greiningarvinnu og er þá alltaf í samráði við foreldra. Fundir eru færðir úr staðfundum í fjarfundi ef hægt er og aðrir fundir eru felldir niður ef þeir geta beðið eða henta ekki í stöðunni. Skólafarlag er svolítið á neyðarstigi eins og er og leggur mikið á sig til að koma í veg fyrir smitun innan skólanna. Það bitnar á skólafarlag þannig að hefðbundnar venjur og rútínur ruglast aðeins. Það er þörf á smá þolinmæði gagnvart þessum aðstæðum, sem vonandi hverfa fyrir en síðar. Bólusetningar 1.-6. bekkinga eru byrjaðar, og verða aftur í febrúar, sem munu þá vonandi hjálpa til að draga úr smitum þótt líklegt sé að bið sé eftir því að skólafarlag komist í eðlilegt horf á ný.

Virðingarfyllst,



Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla